

Þriðjudaginn 22. apríl 1997.

Nr. 2/1997.

**Alþýðusamband Íslands**  
**f.h. Samiðnar vegna Vals Oddssonar**

(Björn L. Bergsson hdl.)

gegn

**Reykjavíkurborg**

(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Kjarasamningur.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta var þingfest 20. febrúar sl. og dómtekið að loknum munnlegum málf lutningi hinn 17. apríl sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensás-vegi 16, Reykjavík, f.h. Samiðnar, kt. 650593-2009, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík, vegna Vals Oddssonar, kt. 270742-3519.

Stefndi er Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu við Reykjavíkurtjörn, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að Valur Oddsson gegni stöðu flokksstjóra í starfi sínu hjá stefnda í skilningi gildandi kjarasamnings og yfirlýsingar málsaðila frá 16. apríl 1996.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati Félagsdóms auk álags á hann er nemi virðisauka-skatti.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins.

*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Um árabíl hafi það verið svo að stefndi, Reykjavíkurborg, hafi með áritun sinni gerst aðili að almennum kjarasamningum stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands. Gildandi kjarasamningur málsaðila hafi verið gerður þann 21. febrúar 1995. Sá kjarasamningur hafi haft í för með sér talsverðar breytingar á launatöxtum á þann hátt að taxtar voru færðir nær þeim launum sem tíðkuðust á almennum vinnumarkaði. Þeim hafi hins vegar ekki verið ætlað að

hrófla við ákvæðum fyrri samninga um sérstakt flokksstjóraálag eins og síðar verður vikið að.

Fljótlega hafi komið upp ágreiningur milli samningsaðila um svo nefnd flokksstjóraálag eftir gerð fyrrgreinds kjarasamnings. Um ágreining þennan vísast til framlagðra skjala. Niðurstaðan hafi þó orðið sú að aðilar hafi jafnað með sér þennan ágreining með sérstökum yfirlýsingum. Með yfirlýsingum þessum hafi verið áréttað að flokksstjóraálag skyldi greitt eftir sem áður í þeim tilvikum þar sem um flokksstjórn væri að ræða í rúmum skilningi. Tilgangur samningsaðila hafði verið sá að fella niður slíkt álag í þeim tilfellum þar sem það hafði verið greitt sem yfirborgun án þess að um raunverulega flokksstjórn væri að ræða. Til þess að áréttta þetta hafi inn-  
tak hugtaksins „flokksstjórn“ verið skilgreint sérstaklega í fyrrgreindum yfirlýsingum.

Samkvæmt samkomulaginu milli stefnanda og stefnda séu flokksstjórar og verkstæðisformenn þeir starfsmenn sem ráðnir séu til að hafa á hendi flokksstjórn, verkstjóraformennsku eða umsjón verka, en gangi jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna og skuli þeim þá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafi sem svarar 15% hærri laun en þeir ella hefðu.

Þó að samkomulag væri gert hafi enn staðið eftir ágreiningur á milli aðila um það hvaða starfsmenn stefnda ættu rétt á álagi. Af þessu tilefni hafi stefnandi áskilið sér rétt til að sækja mál einstakra félagsmanna sinna fyrir dómstólum. Mál flestra starfsmanna stefnda sem ágreiningur hafði staðið um hafi þó verið leyst með samkomulagi.

Valur Oddsson sé einn þeirra sem stefndi hafi ekki viðurkennt sem flokksstjóra. Hann sé starfsmaður Sjúkrahúss Reykjavíkur og telur sig vinna að mestu sjálfstætt og hafa umsjón með þeim verkum sem hann vinnur að eins og fram komi í bréfi til stefnda dags. 14. maí 1996. Í málinu liggi fyrir starfslýsingar Vals Oddssonar. Í starfslýsingu dags. 28. nóvember 1996 komi fram að hann starfi við allt viðhald og nýsmíði á húsnæði Sjúkrahúss Reykjavíkur, sbr. lið 1. Í lið 4 segi að þar sem starfsemin sé mjög dreifð hjá spítölunum séu Vali falin verk sem hann vinni sjálfstætt að og ekki undir neinni stjórn verkstjóra. Valur sé trésmiður eins og fram komi í starfslýsingu og eini trésmiðurinn sem sé starfandi hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Í bréfi dags. 23. janúar 1996 sé lýsing Sjúkrahúss

Reykjavíkur á starfi Vals. Þar segi m.a. að honum séu falin verk sem hann vinni að sjálfstætt, þ.e. að hann stjórnir þeim verktökum sem að þessum verkum komi. Jafnframt sjái hann alfarið um viðhald og endurbætur á Arnarholti og sé þar um fleiri verkþætti að ræða en tréverk.

Í athugasemdum Vals Oddssonar 4. febrúar 1997 við starfslýsingu dags. 28. nóvember 1996 komi fram að hann lúti ekki eiginlegri verkstjórn. Verkstjóri feli Vali stundum verk en stjórnir ekki framkvæmd þeirra á vettvangi. Ætlast sé til að Valur annist um framkvæmdina sjálfstætt án stjórnunar og annist jafnvel stjórnun annarra iðnaðarmanna og ófaglærðra starfsmanna sem að viðkomandi verkefnum komi. Einnig sé það tíðum sem starfsmenn Sjúkrahúss Reykjavíkur leiti beint til Vals um úrbætur án milligöngu verkstjóra og sinni Valur þeim verkum án þess að bera það undir hann. Til þess að geta sinnt starfi sínu hafi Valur umboð Sjúkrahúss Reykjavíkur til innkaupa, nema með þeirri takmörkun einni að þegar verk séu mjög kostnaðarsöm. Af þessum sökum hafi þess verið krafist að honum verði greitt 15% álag á laun í samræmi við samkomulag aðila frá 16. apríl 1996.

Stefndi hefur ekki fallist á kröfu stefnanda til þessa og þess vegna er nauðsynlegt og í samræmi við fyrirvara stefnanda varðandi samkomulag aðila frá 16. apríl 1996 að leita til Félagsdóms í því skyni að afla viðurkenningar dómsins á því að starf Vals Oddssonar falli undir ákvæði gildandi kjarasamnings og yfirlýsingar um flokksstjórn. Jafnframt því að fá úr því skorið hvort stefndi hafi með neitun sinni á að greiða Vali Oddssyni 15% álag á laun hans brotið gegn samningsskyldum sínum gagnvart stefnanda, enda sakarefnið þess eðlis að úr því verði leyst fyrir Félagsdómi, sbr. t.d. Féld. IV, bls. 171.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi telur gögn málsins, ekki síst starfslýsingu stefnda dags. 23. janúar 1996, sönnun þess að hann falli undir skilgreiningu kjarasamnings og yfirlýsingarinnar frá 16. apríl 1996. Þannig eigi hann samningsbundinn rétt til þess að njóta 15% hærri launa vegna stjórnunarlegrar ábyrgðar enda hafi hann umsjón verka í skilningi ákvæðisins. Eins og lýst sé hér að framan gangi hann til verka að beiðni almennra starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur án þess að bíða fyrir mæla verkstjóra um framkvæmd starfsins. Sjálfstæði hans og sjálfðæmi um verk séu þannig mun rýmri en látið sé liggja að í

greinargerð stefnda. Sömuleiðis sé ábyrgð hans á þeim verkum mun ríkari en ef hann gengi einungis til verka að fyrirmælum verkstjórans. Þá eigi Valur sæti í eldvarnarnefnd og taki þar við verkefnum til sjálfstæðrar úrlausnar án atbeina verkstjóra. Loks gegni hann eiginlegri flokksformennsku þegar tilefni gefist til, eins og fram komi í athugasemdum hans vegna starfslýsingar.

Í ljósi þessa telur stefnandi ljóst að Valur Oddsson falli að öllu leyti undir skilgreininguna samkvæmt samkomulaginu frá 16. apríl 1996 og eigi rétt á 15% álagi á laun sín.

Stefnandi styður mál sitt við reglur vinnuréttar um túlkun kjarasamninga og skuldbindingagildi þeirra fyrir samningsaðila. Þá styður stefnandi kröfur sínar við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflytningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988, stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

#### *Málavaxtalýsing stefnda.*

Stefndi kveður málavexti vera þá að aðilar máls þessa hafi gert kjarasamning þann 21. febrúar 1995. Í kjarasamningi aðila hafi nokkrar breytingar verið gerðar frá fyrri kjarasamningi einkum er varðar uppbyggingu launataxta. Fljótlega eftir undirritun kjarasamnings hafi komið fram ágreiningur milli samningsaðila um túlkun hans að því er varðar sérstakar viðbótargreiðslur til flokksstjóra. Í lok árs 1995 hafi Reykjavíkurborg, Vinnuveitendasamband Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gert samkomulag við Samiðn f.h. aðildarfélagi til lausnar á ágreiningi aðila. Við gerð umrædds samkomulags hafi verið tekin upp ný skilgreining á hugtakinu flokksstjóri. Sé hún svohljóðandi:

Um flokksstjóra og verkstæðisformenn:

„Sveinn, sem ráðinn er til að hafa á hendi flokksstjórn, verkstæðisformennsku eða umsjón verka, en gengur jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna, skal fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en hann ella hefði.

Með flokksstjórn er í þessu sambandi einnig átt við tímabundna stjórn á vinnuflokki samkvæmt sérstökum fyrirmælum vinnuveitenda og greiðist þá álagið þann tíma.“

Fram til gildistöku kjarasamnings aðila þann 21. febrúar 1995 hafði verið í gildi skilgreining hugtaksins flokksstjóri skv. kafla 1.1.11. í kjarasamningi. Sú skilgreining var svohljóðandi:

1.1.11. Flokksstjórar.

1.1.11.1. Flokksstjóri telst sá sveinn sem falin er umsjá með verki eða hluta verks.

1.1.11.2. Flokksstjóri skal ætíð skipaður þegar sveinar eru sendir út af verkstæði eða vinnustað án þess að meistari eða verkstjóri hafi daglega stjórn á því verki. Dagleg stjórn er skilgreind sem minnst tveggja stunda viðvera á dag. Ákvæði þetta gildir þó ekki ef einn maður er sendur í verk.

Eins og fram komi í kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995, eins og rakið sé í stefnu, hafi tilgangur samningsaðila verið að fella niður flokksstjóraálag í þeim tilfellum þar sem slíkar greiðslur höfðu átt sér stað í formi yfirborgana og án þess að um raunverulega flokksstjórn hafi verið að ræða. Í framkvæmd hafi hin nýja skilgreining leitt til þess að veruleg fækkun hafi orðið á þeim starfsmönnum stefnda sem nutu flokksstjóraálags, sbr. framlögð yfirlit yfir röðun trésmiða í launaflokka samkvæmt eldra og nýju fyrirkomulagi. Allir starfsmenn hafi þó hækkað í launum við undirritun kjarasamnings um að lágmarki kr. 2.700,-, líka þeir sem töldust til flokksstjóra samkvæmt fyrri kjarasamningi en ekki þeim síðari. Hins vegar hafi þeir starfsmenn stefnda sem töldust til flokksstjóra samkvæmt hinum nýja kjarasamningi hækkað um 15% til viðbótar áðurnefndri hækkun.

Af hálfu stefnda hafi verið hafist handa við að skilgreina störf þeirra starfsmanna sem mögulega gátu talist falla undir hina nýju skilgreiningu. Þeir starfsmenn, sem samkomulag náðist um, höfðu umsjón stærri verkefna með höndum, mannaforráð o.þ.h. Þannig séu t.d. 7 trésmiðir á Trésmiðju Reykjavíkurborgar taldir falla hér undir, sbr. framlagt yfirlit. Af hálfu stefnda hafi ekki verið fallist á að Valur Oddsson félli hér undir, enda gegni hann starfi almenns iðnaðarmanns hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur og starf hans og ábyrgð sé um margt ólík störfum og ábyrgð þeirra sem fengu slíkt stjórnunarálag.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Sýknukröfu sína byggir stefndi m.a. á því að stefnandi, Valur Oddsson, sé ekki ráðinn af vinnuveitanda sem flokksstjóri hjá

Sjúkrahúsi Reykjavíkur og falli því ekki undir skilgreiningu kjarasamnings á hugtakinu flokksstjóri. Í því sambandi megi og benda á starfslýsingu dags. 28. nóvember 1996, undirritaða af stefnanda, þar sem fram komi að hann starfi sem trésmiður en ekki flokksstjóri. Stefnandi hafi um árábil starfað hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur, áður Borgarspítala, sem almennur iðnaðarmaður og innt af hendi störf sem fagþekking og fagmenntun hans taki til. Í framlagðri starfslýsingu Vals, dags. 28. nóvember 1996, séu rakin helstu verkefni og verkþættir sem hann hafi með höndum. Af hálfu stefnda sé á því byggt að hvorki störf né ábyrgð hans í starfi séu með þeim hætti að flokksstjóraskilgreining kjarasamnings eigi þar við. Verkstjóri sé hans næsti yfirmaður en Valur hafi enga undirmenn, þ.e. hann hafi ekki umsjón með daglegri stjórn neinna starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur. Verkstjóri sá sem um ræði, sé Steinþór Gunnarsson, trésmiður (húsasmíðameistari). Í raun megi segja að samband þeirra sé með þeim hætti að Steinþór úthluti stefnanda einstökum verkefnum samkvæmt verkbeiðnum sem fram hafi komið. Það sé því rangt sem fram komi í stefnu að Valur gangi til verka samkvæmt beiðni almennra starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur án þess að bíða fyrirmæla verkstjóra um framkvæmd starfsins. Hið rétta sé að allar verkbeiðnir um lagfæringar og viðhald innan Sjúkrahúss Reykjavíkur berist inn á borð verkstjóra sem útdeili þeim til einstakra iðnaðarmanna. Eigi það einnig við um þau verkefni sem stefnandi inni af hendi fyrir stefnda að Arnarholti.

Verkefni stefnanda séu einkum fólgin í daglegu eftirliti og viðhaldi á fasteignum Sjúkrahúss Reykjavíkur. Sé hér að jafnaði um almennt viðhald að ræða að slíku umfangi að stefnandi ráði sjálfur við verkefni án utanaðkomandi aðstoðar. Þyki rétt að benda á að heimildir stefnanda til innkaupa takmarkist við eðlileg innkaup til slíkra verkefna. Gildi hið sama um ýmsa aðra iðnaðarmenn hjá stefnda. Í stærri verkefnum, nýsmíði eða viðhaldi, séu almennt kallaðir til sjálfstæðir verktakar sem inni slík verk af hendi.

Af hálfu stefnda er því mótmælt að stefnanda beri flokksstjóra-álag vegna þess að honum séu falin verk sem hann vinni sjálfstætt og ekki undir stjórn verkstjóra. Beri til þess að líta að stefnandi raðist í II. launaflokk samkvæmt kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995. Eins og fram komi í skilgreiningu þess launaflokks í þeim kjarasamningi falli þar undir störf sem krefjist sérþekkingar og sjálf-

stæðis í starfi. Af hálfu stefnda er á það bent að stefnandi vinni almenn störf sem ætlast megi til af iðnaðarmanni með tiltekna fagmenntun og fagþekkingu. Hann sé hvorki stjórnandi né hafi mannaforráð og vinni einvörðungu störf sem menntun hans og þekking bjóði. Hann lúti daglegri stjórn verkstjóra sem feli honum framkvæmd einstakra verkefna. Í þessu sambandi sé rétt að hafa það í huga að Valur hefði samkvæmt þessu ekki fallið undir flokksstjóra-skilgreiningu fyrri kjarasamnings og hafi þó verið ætlun samningsaðila með hinum nýja kjarasamningi að þrengja hóp þeirra sem slík stjórnunarálög fengju, enda bundið við þá sem hafi með höndum raunverulega stjórn en ekki þá sem nutu slíkra greiðslna í formi yfirborgana.

Af hálfu stefnda er því mótmælt sem fráleitu að stefnanda beri flokksstjóraálag vegna stjórnunar hans á verktökum. Beri fyrst til þess að líta að samskipti við sjálfstæða verktaka svo og fyrirmæli til þeirra sé alfarið í verkahring verkstjóra, Steinþórs Gunnarssonar. Það sé því beinlínis rangt sem fram komi í stefnu að Valur hafi slík störf með höndum. Því til viðbótar er á það bent að verktakar þeir, sem vinni fyrir Sjúkrahús Reykjavíkur, starfi líft og allir sjálfstæðir verktakar, alfarið á eigin ábyrgð við framkvæmd þeirra verka sem um ræðir. Lúti þeir hvorki stjórn starfsmanna Sjúkrahúss Reykjavíkur né annarra heldur beri faglega ábyrgð sjálfir svo og bótaskyldu ef út af bregði. Jafnvel þótt atvikum þessa máls hefði verið svo háttáð sem greinir í stefnu þykir stefnda sýnt að skilgreining kjarasamnings á stjórnunarálagi til handa flokksstjórum taki fráleitt til slíkrar „stjórnunar“. Í þessu sambandi vill stefndi ennfremur mótmæla því sem villandi og röngu sem fram komi í stefnu „að Valur annist framkvæmdina sjálfstætt án stjórnunar og annist jafnvel stjórnun annarra iðnaðarmanna og ófaglærðra starfsmanna sem að viðkomandi verkefnum koma.“ Sé til þess að líta, sem áður hafi komið fram að Valur hafi hvorki verkumsjón né aðra umsjón með starfsmönnum Sjúkrahúss Reykjavíkur heldur lúti hann sjálfur daglegri stjórn verkstjóra. Að því marki sem slík stjórnun eða samskipti, sem áður greinir, eigi sér stað, séu þau í verkahring verkstjóra en ekki stefnanda. Í ljósi þess sem áður hafi komið fram mótmælir stefndi því alfarið, sem fram komi í stefnu, „að ætlast sé til að ábyrgð Vals sé mun ríkari en ef hann gengi einungis til verka skyfyrirmælum yfirmanns.“

Þá bendir stefndi á að við skilgreiningu hugtaksins flokksstjóri í kjarasamningi beri til þess að líta að núverandi ákvæði nái samkvæmt efni sínu til flokksstjóra og verkstæðisformanna. Ljóst megi vera að Valur teljist hvorki hafa mannaforráð yfir flokki manna né teljist hann til verkstæðisformanna. Af hálfu stefnda er á því byggt að við mat á því hverjir falli undir umrædda skilgreiningu beri að hafa í huga að skilyrði þau sem tilgreind séu, þ.e. flokksstjórn, verkstæðisformennska eða umsjón verka, séu öll jafngild. Með öðrum orðum, störf þau sem falli undir skilgreiningu hugtaksins „umsjón verka“ verði að teljast jafnverðmæt og umfangsmikil og þau störf er falli undir hugtakið „flokksstjórn“ og „verkstæðisformennska“ í sömu skilgreiningu. Verði að telja að allir þeir sem undir slíka skilgreiningu falli verði að hafa svipaða stöðu að því er varðar ábyrgð, umfang verka, þátttöku í stjórnun o.þ.h.

Af hálfu stefnda er og á það bent að stefnandi hafi notið sérstaks álags fyrir gerð síðasta kjarasamnings í formi yfirborgunar, þ.e. hann hafi ekki verið flokksstjóri í skilningi kjarasamnings. Sama fyrirkomulag hafi verið í gildi um fleiri starfsmenn en Reykjavíkurborg og Trésmíðafélag Reykjavíkur höfðu á þeim tíma samið um aðra útfærslu flokksstjóraálags, þ.e. álagið hafi verið lækkað og dreift á fleiri starfsmenn. Sjáist það m.a. af framlögðum launatöflum fyrir og eftir gildistöku kjarasamningsins, en eins og ljóst megi vera hafi bil milli launaflokka (þ.e. 13. og 14. lfl.) ekki verið 15% heldur nærri 5%. Skipti það atriði ekki máli við úrlausn þessa máls.

Stefnandi eigi sæti í starfshópi um eldvarnarmál á vegum Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í sama starfshópi sitji t.d. rafiðnaðarmaður hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Sú seta í eldvarnarnefnd breyti engu um eðli starfs stefnanda og sé í raun einn liður í starfi iðnaðarmanna hjá Sjúkrahúsi Reykjavíkur enda beri stefnanda að framfylgja ýmsum verkefnum sem fram komi á fundum starfshópsins. Beri að hafa í huga að Steinþór Gunnarsson, verkstjóri og yfirmaður stefnanda, sitji og í þessari sömu nefnd.

Stefndi vísar til grundvallarreglna íslensks vinnuréttar um túlkun kjarasamninga. Ennfremur vísar stefndi til grundvallarreglna samningaréttar.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggir á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.



*Niðurstaða.*

Með kjarasamningi aðila frá 21. febrúar 1995 var leitast við að fella yfirborganir inn í launataxta, þar á meðal sérstakt flokksstjóraálag sem tíðkast hafði í formi yfirborgana án þess að um raunverulega flokksstjórn væri að ræða. Ómótmælt er að stefnandi Valur Oddsson fékk þá hækkun. Með samningnum voru ákvæði fyrri kjarasamnings aðila, sem gildi tók 1. maí 1992, um flokksstjóra felld úr gildi, meðal annars grein 1.1.11.1. en þar kom fram eftirfarandi skilgreining á hugtakinu flokksstjóri: „Flokksstjóri telst sá sveinn sem falin er umsjá með verki eða hluta verks.“

Stefndi og Samiðn, samband iðnfélaga og hlutaðeigandi aðildarfélag gerðu með sér sérstakt samkomulag 16. apríl 1996 um skilgreiningu varðandi flokksstjóra sem starfa hjá stefnda. Þar segir að sveinn, sem ráðinn er til að hafa á hendi flokksstjórn, verkstæðisformennsku eða umsjón verka, en gengur jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna „skal fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en hann ella hefði.“ Í samkomulaginu kemur fram að með flokksstjórn í þessu sambandi sé einnig átt við „tímabundna stjórn á vinnuflokki samkvæmt sérstökum fyrirmælum vinnuveitenda og greiðist þá álagið þann tíma“. Þar er þess og getið að aðilar séu sammála um að engin önnur ákvæði um aðrar skilgreiningar eða álagsgreiðslur eigi við um flokksstjóra innan hlutaðeigandi stéttarféлага sem starfa kunna hjá stefnda. Öll ákvæði sem fyrir kunni að vera falli því brott. Þrátt fyrir samkomulag þetta tók Samiðn fram með sérstakri yfirlýsingu dags. 16. apríl 1996 að félagið áskildi sér rétt til að sækja mál einstakra félagsmanna sinna fyrir dómstólum.

Ljóst er að stefnandi var ekki ráðinn flokksstjóri hjá stefnda í skilningi samkomulagsins frá 16. apríl 1996. Stefnandi er ekki verkstæðisformaður. Þá hefur hann ekki sýnt fram á að hann hafi með höndum umsjón verka eða flokksstjórn eða gegni að jafnaði öðrum störfum hjá stefnda en almennum störfum trésmiðs. Með vísan til þessa ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda í málinu.

Dómararnir Gísli Gíslason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson taka fram, að þeir telja að mál þetta eigi undir almenna dómstóla en ekki Félagsdóm.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Reykjavíkurborg, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Samiðnar vegna Vals Oddssonar. Málskostnaður fellur niður.

---